

## **Aðalfundur Samtaka um Söguferðapjónustu 2018**

### **haldinn á Hótel Fransiskus í Stykkishólmi 12. apríl 2018 kl. 13:00**

Rögnvaldur Guðmundsson formaður setti fundinn og tilnefndi Sigrúnu Þormar, sem fundarstjóra og Dagnýju Marín Sigmarsdóttir sem fundaritari og var það samþykkt.

15 félagar voru mættir.

Sigrún tók við stjórn og fór yfir dagskrá fundarins og kynnti fyrsta lið dagsrár og gaf Rögnvaldi orðið.

#### **Dagskrá fundarins er:**

- 1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.**
- 2. Kynning og afgreiðsla aðildarumsókna.**
- 3. Afgreiðsla reikninga**
- 4. Lagabreytingar . ( engar fyrirleggjandi)**
- 5. Starfsáætlun fyrir komandi starfsár og fjárhagsáætlun.**
- 6. Ákvörðun árgjalds.**
- 7. Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga.**
- 8. Önnur mál.**

#### **1. Skýrsla stjórnar.**

Rögnvaldur kynnti skýrslu stjórnar . Kom hann inn á fjölmarga þætti í starfi félagsins á liðnu ári og það sem er framundan. Skýrði hann vel frá hvað Follow the Vikings verkefnið er stutt og hvað er framundan í því samstarfi. - Skýrslan fylgir hér með í viðhengi.

#### **2. Kynning og afgreiðsla aðildarumsókna**

Eftirfarandi aðilar óska eftir aðild að félaginu:

##### **Full aðild:**

Icelandic Sagas the greatest hits.

##### **Aukaaðild:**

##### **Einstaklingsaðild:**

Skálinn Víkingasetur/ Þórir Guðmundsson og Borgný Gunnarsdóttir

Valgeir Þorláksson – forstöðumaður vesturfarasetursins á Hofsó.

Óskar Styrmir Hauksson, víkingur.

Samþykkti var samhljóða að taka þessa aðila inn.

#### **3. Afgreiðsla reikninga. 2017.**

Ársreikningi fyrir árið 2017 var dreift á fundinum. Skúli Björn, gjaldkeri fór yfir og kynnti ársreikninginn og svaraði spurningum. Ársreikningurinn samþykktur. Ársreikningur fylgir hér með í viðhengi.

#### **4. Lagabreytingar**

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

#### **5. Starfáætlun fyrir komandi starfsár og fjárhagsáætlun.**

Skúli Björn fór yfir starfáætlun fyrir komandi starfsár. Helstu verkefni samtakanna eru að vinna enn frekar í því að fjölga félögum, frekara samstraf með Íslandsstofu. Nýtt kynningarkort SSF. Vefsíðan [www.sagatrail.is](http://www.sagatrail.is) og svo innri vefur samtakanna sem settur var á laggirnar 2015. Kannaðar verði leiðir til að auka samstarf og sýnileika félagsmanna

gegnum netið og huga sérstaklega að sýnileika allra aðila SSF. Erlent samstarf, SSF er aðili að DVA( Destination Viking Association), Rögnvaldur hefur settið í stjórn þeirra samtakana frá stofnun. Hjá DVA mun eiga sér endurskiplagning þar sem þau eiga að taka við FTV ( Follow the Vikings) verkefningun þegar því líkur. Allir þurfa að leggjast á eitt að efla starf samtakanna. Skúli Björn kynnti einnig fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 – Starfsáætlun og fjárhagsáætlun 2018 fylgir hér með.

Umræður um starfsáætlun og fjárhagsáætlun urðu nokkrar: Talað um að nota samfélagsmiðla meira t.d. um að stofna lokaðan hóp á Fcebook ( og Ásborg stofnaði þann hóp strax ) og Skúli minnti á að félagsmenn ættu að vera duglegri að nota innrivefni sem félagið heldur úti sem er <https://soguslodir.wordpress.com>. Talað um að vera duglegri að koma efni á Kaysu og að félagsmenn mættu vera meira virkir í að seltja efni á Instragram, sem reyndar hefur aukist. Rögnvaldur minntist á að gaman væri að taka upp aftur fræðsluferðir eins og farnar voru hér á áruum áður og Kjartan ræddi um að endilega að kanna með áhuga félagsmanna um að fara erlendis í starfs/fræðsluferðir – allir sammála því að kanna með að fara á næsta ári.

Svaraði Skúli Björn og aðrir stjórnarmenn þeim fyrirspurnum sem fram voru bornar. Starf og fjárhagsáætlunir samþykktar samhljóða

### **Tillögur stjórnar samtakanna vegna 6. dagskrárliðar, um óbreytt árgjald:**

Árgjald samtakana er veltutengt og þrjú gjaldflokkar.

### **6. Ákvörðun árgjalds 2018**

Upp var borin tillaga stjórnar um eftirfarandi árgjald, þ.e.s. óbreytt frá í fyrra:

<b>Árgjald 2016</b>	<b>Full aðild</b>	<b>Aukaaðild (75%)</b>
Gjaldflokkur 1 (ársvelta að 10 <u>m.kr.</u> )	16.000 kr.	12.000 kr.
Gjaldflokkur 2 (ársvelta 10-40 <u>m.kr.</u> )	24.000 kr.	18.000 kr.
Gjaldflokkur 3 (ársvelta yfir 40 m.kr.)	30.000 kr.	22.500 kr.

Einstaklingar með aukaaðild greiði 6.000 kr.

Tillagan samþykkt samhljóða.

- grunnskráning á vefinn sagatrail.is / soguslodir.is
- límmiði fyrir glugga eða vegg um aðild að SSF
- 50% afsláttur af þátttökugjöldum á fundum og ráðstefnum SSF

Stjórn samtakanna leggur til að árgjald verði óbreytt frá fyrra ári. Fullt aðildargjald verði **90.000 kr. árið 2018**. Og að innifalið í kynningargjaldi sé eftirfarandi:

- ítarskráning á vef, s.s. skráning í fleiri flokka og í söguhringi
- staðsetning og upplýsingar í prentuðu kynningarefni (nýtt kort útg. vor 2017)
- afsláttur á auglýsingum
  - hjá samstarfsaðilum SSF
  - í auglýsingaherferðum SSF
- fáni samtakanna (1 stk.)
- aðgengi að ljósmyndagrunni SSF

- aðstoð starfsmanns SSF við sýnileika á vef, s.s. TripAdvisor og Google Maps

Samþykkt samhljóða að hafa árgjald og kynningargjald óbreytt.

#### 7. **Kosning stjórnar og varamanns.**

Samkvæmt lögum samtakanna skal kjósa formann í sér kosningu. Rögnvaldur Guðmundsson sem hefur verið formaður frá upphafi var endurkjörin með öllum atkvæðum og lófataki.

Aðrir aðal stjórnarmenn eru: Skúli Björn Gunnarsson, Dagný Marín Sigmarsdóttir, Ásborg Arnþórsdóttir og Þórir Örn Guðmundsson. Þau gefa öll kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn.

Varamenn eru nú í stjórn: Sigrún Þómar og Guðbrandur Benediktsson, Guðbrandur gaf ekki kost á sér til endurkjörs en Guðrún Helga Stefánsdóttir gaf kost á sér í stöðu varamanns í staðinn fyrir Guðbrand. Voru þau kjörin með öllum atkvæðum. Skoðunarmenn reikninga voru kosnir þeir. Gísli Sverrir Árnason og Torfi Stefán Jónsson.

Vara skoðunarmenn voru endurkjörnir og eru þau: Óskar Styrmir Hauksson og Ólafía Jakobsdóttir

#### 8. **Önnur mál**

**Nokkur um ræða um Follow the Viknigs verkefnið og hvernig okkar þáttur er í sambandi við Roadshowið sem á að vera hér á landi í febrúar á næsta ári. ýmsar umræður urðu. Góðarumræður um málefni samtakanna og sýnileika á samfélagsmiðlum.**

**Félagsmenn kynntu sig og sögður frá starfsemi sinni.**

Fleira ekki tekið fyrir, fundarstjóri sleit fundi, kl. 14:30

Dagný Marín Sigmarsdóttir.  
fundarritari